

113. gr.

Samkvæmt beiðni gæsluvarðhaldsfanga skal afhenda honum endurrit af ákvörðun um beitingu agaviðurlaga. Úr endurriti er heimilt að fella brott upplýsingar, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, vegna öryggis í fangelsinu eða af tillitssemi við einstaklinga, sem gefið hafa upplýsingar gegn loforði um trúnað.

XVI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

114. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991 og samkvæmt heimild í 266. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988, öðlast gildi 1. júlí 1992.

115. gr.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi er vistaður í fangageymslu lögreglu fer lögreglustjóri með þær heimildir eða ákvörðunarvald sem forstöðumaður fangelsis hefur samkvæmt þessari reglugerð.

Í fjarveru forstöðumanns fangelsis eða lögreglustjóra kemur staðgengill í þeirra stað eða sá yfirmaður sem næst stendur þeim í viðkomandi stofnun, ef ekki er um formlegan staðgengil að ræða eða ekki næst til hans.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. maí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ**um Garðávaxtasjóð.**

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Garðávaxtasjóður og skal hann vera í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Stjórn Framleiðnisjóðs annast úthlutun úr Garðávaxtasjóði og sér um reikningshald hans. Fjárreiðum sjóðsins og reikningum skal haldið aðskildum frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Stjórn sjóðsins skal leitast við að tryggja honum bestu fánlegu ávöxtun á hverjum tíma. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Framleiðnisjóðs.

2. gr.

Hlutverk Garðávaxtasjóðs er að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði.

3. gr.

Eignir sjóðsins eru söluandvirði eigna Grænmetisverslunar landbúnaðarins við starfslok hennar. Tekjur sjóðsins eru vextir af eignum og aðrar tekjur.

4. gr.

Leitast skal við að varðveita höfuðstól sjóðsins óskertan. Þó er heimilt að víkja frá því og veita stærri framlög, ef sérstakar ástæður mæla með. Af tekjum er heimilt að veita framlög úr sjóðnum til verkefna er tengjast stofnræktun á garðávöxtum, t.d. framleiðslu á heilbrigðum stofnum, eftirliti með ræktun og sölu útsæðis. Kostnaður af störfum útsæðisnefndar skv. II. kafla rg. nr. 66/1987 greiðist úr Garðávaxtasjóði.

Umsóknir um framlög úr Garðávaxtasjóði skal senda stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir 1. febrúar ár hvert, en fyrir 1. júní á árinu 1992.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 52. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. maí 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Tryggingarsjóð viðskiptabanka,
nr. 54 31. janúar 1986.**

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð fjórum mönnum til þriggja ára í senn og fjórum til vara. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka. Ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Forstöðumanni bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er heimilt að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna sem greiðist af Tryggingarsjóði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 51. gr. laga um viðskiptabanka, nr. 86 4. júlí 1985, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Finnur Sveinbjörnsson.